

Til handhafa útboðsgagna nr. 15190 – Starfsumsóknarkerfi

Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.

Kaupandi hefur gert breytingar á eftirfarandi ákvæðum í kröfulýsingu til nánari útskýringar. Orðalag sem fellt er úr gildi er yfirstrikað. Nýtt orðalag sem nú tekur gildi er rauðletrað og ekki yfirstrikað.

Lágmarkskrafa (A) nr. 81: ~~Í Kerfinu skal vera nýráðningarform, þar sem hægt er að safna grunnupplýsingum frá umsækjendum við ráðningu (s.s. bankaupplýsingum, menntunargögnum, starfsvottorðum, persónuafslætti, o.fl.).~~

Lágmarkskrafa (A) nr. 81 : Í Kerfinu skal vera nýráðningaform þar sem hægt er að safna grunnupplýsingum frá umsækjendum (s.s. bankaupplýsingum, menntunargögnum, starfsvottorðum, persónuafslætti, ofl.) Í Kerfi bjóðanda skal vera hægt að senda beiðni á valinn umsækjanda þar sem óskað er eftir ofangreindum grunnupplýsingum og skal umsækjandi geta sett inn upplýsingar og sent þær til baka inn í Kerfið.

Matskrafa (B) nr.27: ~~Í Kerfinu er hægt að gefa nýráðnum umsækjendum aðgang að svæði, þar sem koma fram praktískar upplýsingar tengt starfsstað eða starfi (t.d. launamál og annað praktískt tengt starfi).~~

Matskrafa (B) nr.27: Í Kerfinu er hægt að senda nýráðnum umsækjendum praktískar upplýsingar tengt starfsstað eða starfi (t.d. launamál og annað praktískt tengt starfi).

Einnig hafa eftirfarandi fyrirspurnir borist og eru svör kaupanda við þeim hér fyrir neðan.

Fyrirspurn 1:

Þið nefnið í útboðinu að bjóðandi þarf að hafa rafrænar undirskriftir. Er Reykjavíkurborg þegar með samning við fyrirtæki sem býður uppá rafrænar undirskriftir?

Svar 1:

Helsti samstarfsaðili kaupanda í dag er Dokobit sem hefur þróað rafrænar undirskriftir sem mæta ströngustu kröfum EU reglugerðarinnar nr. 910/2014 (eIDAS). Í A-kröfu nr. 83 í tilboðsbók segir „Í Kerfinu skal vera hægt að skrifa undir ráðningarsamning með fullgildri rafrænni undirritun“ Sá skilningur sem kaupandi setur í þetta er að kerfi bjóðanda þurfi að bjóða upp á tengingu við þá undirritunarþjónustu sem kaupandi er með samning við/í samstarfi við (Dokobit). Vinnan við þá samtengingu skal því innifalin í tilboðinu í samræmi við lágmarkskröfu nr. 83 Ekki er verið að fara fram á að þróa undirskriftarlausn samhliða starfsumsóknarkerfi heldur að tengja við þá undirskriftarlausn sem kaupandi er með í dag.

Fyrirspurn 2:

Spurning 13 í tilboðsbók B “13. Í kerfinu er hægt að setja vefslóð í textareit starfsauglýsingu sem birtist á starfavef Reykjavíkurborgar.”, mynduð þið vilja geta sett inn vefslóð í starfslýsingu og fengið hana í HTML formatti í JSON kóða yfir?

Svar 2:

Það sem átt er við í B-kröfu nr. 13 í tilboðsbók er að hver og ein starfsauglýsing hafi einkvæman slóða.

Fyrirspurn 3:

Spurning 15 í tilboðsbók B “15. Í Kerfinu skal vera hægt að bæta við mynd á jpeg, jpg sniði sem hægt er að birta með starfsauglýsingu.

Hvað er markmiðið að nota þá mynd í?

Svar 3:

Það sem átt er við í B-kröfu nr. 15 í tilboðsbók er að hægt sé að birta mynd sem tengist hverri starfsauglýsingu fyrir sig.

Fyrirspurn 4:

Spurning 31 í tilboðsbók B “31. Kerfið getur skilað leitarniðurstöðum í gegnum vefþjónustu til birtingar á starfavef Reykjavíkurborgar, þ.e. að hægt sé að leita eftir t.d. starfsheiti eða sviði í reitum úr starfsauglýsingu (átt er við að þá er verið að leita í Kerfinu sjálfu ekki vefnum).” Gætuð þið útskýrt örlítið betur hvað þið eigið við með þessari spurningu? Eruð þið að hugsa hvort að þið getið útfært leit á vef borgarinnar, sem kallar í API hjá okkur í hvert skipti með svörum?

Svar 4:

Það sem átt er við í B-kröfu nr. 31 í tilboðsbók er að leitin verði útfærð á starfavef borgarinnar með því að kalla í API.

Fyrirspurn 5:

“36. Í Kerfinu er hægt að færa gögn í skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar þegar ráðningarferli er lokið í einni aðgerð.” Gætuð þið gefið okkar nánari upplýsingar um skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar og hvaða gögn og upplýsingar þið mynduð vilja senda yfir þangað?

Svar 5:

Skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar (kaupanda) er Hlaðan (GoPro Foris). Hlaðan er upplýsingastjórnunarkerfi sem allir starfsmenn Reykjavíkurborgar vinna daglega í. Öll gögn í endanlegri útgáfu sem starfsfólk borgarinnar móttekur, býr til og meðhöndlar í starf sínu hjá Reykjavíkurborg skulu varðveitt og vistuð í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, sbr. 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Fyrirspurn 6:

Gætuð þið veitt okkur ítarlegri upplýsingar um hvernig þið sjáið fyrir ykkur gerð og undirritun ráðningarsamninga.

A) Þið nefnið að þið viljið að hægt sé að undirrita ráðningarsamninga (og líklega fylgigögn tengd þeim). Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að ráðningarsamningar séu búnir til? Eruð þið að sjá fyrir ykkur að útbúa samninginn og skjöl sem tengjast honum sjálf, og fá svo rafræna undirritun á skjalið -- eða eruð þið að sjá fyrir ykkur að nota dýnamískar breytur til að stjórna hvernig samningurinn sjálfur verður til (t.d. Nafn umsækjanda og kennitala úr onboarding formi stjórnar því hvaða nafn birtist á ráðningarsamning).

B) Hvað eru margar tegundir af ráðningarsamningum hjá Reykjavíkurborg?

C) Er sérstakt kerfi notað til að búa til ráðningarsamninga? Hvaða kerfi er það? Hvernig fer það fram?

D) Mynduð þið vilja tengingu á því kerfi, eða mynduð þið vilja endurhugsa gerð samninga frá grunni?



Svar 6:

- A) Í uppfærðri A-kröfu nr. 81 sbr. ofangreint og kröfu nr. 82 í tilboðsbók (lágmarkskröfum) segir að (81) „Í Kerfinu skal vera nýráðningaform þar sem hægt er að safna grunnupplýsingum frá umsækjendum (s.s. bankaupplýsingum, menntunargögnum, starfsvottorðum, persónuafslætti, ofl.) Í Kerfi bjóðanda skal vera hægt að senda beiðni á valinn umsækjanda þar sem óskað er eftir ofangreindum grunnupplýsingum og skal umsækjandi geta sett inn upplýsingar og sent þær til baka inn í Kerfið.“ og (82) „Í Kerfinu skal vera hægt að fullklára ráðningarsamning byggðan á gögnum frá umsækjendum úr nýráðningarformi. Skráðar eru upplýsingar um starfsstað, kostnaðarstað, verkefnanúmer, starfsheiti, grunnlaunaflokk, vinnufyrirkomulag, stéttarfélag, lífeyrissjóð, starfshlutfall, tímabundin/ótímabundin ráðning, fyrsta starfsdag, lokadag tímabundinnar ráðningar“. Skv. framangreindu er ætlunin er að nota upplýsingar sem fram koma í nýráðningarformi við gerð ráðningasamninga ásamt öðrum upplýsingum.
- B) Hjá Reykjavíkurborg er ein tegund af ráðningasamning en þó með mismunandi forsendum s.s. tímabundin ráðning, afleysing og svo framvegis.
- C) Í dag eru ráðningasamningar útbúnir í mannauðs- og launakerfi Reykjavíkurborgar (SAP).
- D) Gera skal ráð fyrir að Kerfi bjóðanda tengist núverandi mannauðs- og launakerfi Reykjavíkurborgar og skal bjóðandi gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna þess í tilboðsskrá (liður 4).

Vinsamlega athugið að viðauki þessi telst hluti útboðsgagna í útboði nr. 15190 og verður birtur handhöfum útboðsgagna á útboðsvef Reykjavíkurborgar.